

Ef COVID-19 kórónaveiran berst til Íslands

Grunnupplýsingar um kórónaveiruna

fyrir börn og ungmenni.

ATH: Nýjustu upplýsingar um þróun mála, viðbúnað og ráðleggingar er ávallt að finna á vef Embættis landlæknis: landlaeknir.is.

Hvað er kórónaveiran?

Kórónaveira er tegund af veiru sem getur valdið veikindum, sérstaklega hjá þeim sem eru ekki heilsuhraustir fyrir.

Hvernig veikindum veldur hún?

Kórónaveiran veldur veikindum sem svipar mjög til algengra kvefeinkenna, eins og hósta, hita og beinverkja. Veiran getur líka valdið alvarlegum veikindum eins og lungnabólgu.

Ef grunur vaknar um smit er best að fá ráðgjöf og leiðbeiningar í síma 1700.

Er kórónaveiran hættuleg?

Ástæðan fyrir því að öll lönd í heiminum fylgjast vel með kórónaveirunni núna er að það hefur greinst ný tegund af henni og mjög margir hafa smitast í Kína. Veiran hefur síðan ferðast frá Kína til fleiri landa.

Íslensk stjórnvöld, læknar, lögreglan og Rauði krossinn vinna saman að því að því að tryggja að sem fæstir smitist af henni á Íslandi, og að þeir sem smitast fái góða lækniástoð. Fáir af þeim sem smitast af veirunni verða mjög alvarlega veikir en það þarf að fylgjast með öllum sem greinast. Langflestir jafna sig og verða jafnvel lítið veikir.

Gæti ég smitast af kórónaveirunni?

Þeir sem hafa verið mjög nálægt einhverjum sem þegar er veikur vegna kórónaveirunnar, eða hafa snert smitað fólk, sofið í sama rúmi eða verið í sama húsnæði gætu átt á hættu að smitast.

Hvernig get ég forðast að smitast?

Mikilvægast er að þvo sér vel og oft um hendurnar, með vatni og sápu eða handspritti. Svo er góð regla að forðast nán samskipti við aðra sem eru með einkenni kvefs, eins og hnerra eða hósta. Ef þú þarft að hósta eða hnerra er betra að gera það í olnbogann en ekki í hendurnar eða út í loftið.

Af hverju eru sumir með grímur?

Fólk sem þarf að vinna mjög náið með öðrum og hitta marga í vinnunni sinni velur stundum að vera með grímur, til dæmis hjúkrunarfræðingar, læknar og þeir sem hitta marga ferðamenn.